

Föstudaginn 3. apríl 1992.

Nr. 137/1992. **Sveinn Skúlason**

gegn

**Sigurði Pétri Haukssyni og
Tækniveröld hf.**

Kærumál. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Sóknaraðili hefur með kæru 4. mars 1992 skotið til Hæstaréttar lausnargerð vegna löghalds. Gekk úrskurður um lausnargerðina í fógetarétti Akraness 20. janúar síðastliðinn. Sigurður Gizurarson bæjarfógeti kvað upp úrskurðinn. Kæruheimild er í 5. mgr. 25. gr. laga nr. 18/1949 um kyrrsetningu og lögbann, sbr. 3. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Gögn kærumálsins bárust Hæstarétti 26. mars.

Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið, að því er varðar niðurfellingu löghalds til tryggingar dómkröfum á hendur Tækniveröld hf. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar.

Varnaraðilar krefjast þess aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Þá krefjast varnaraðilar kærumálskostnaðar

Við fyrirtöku 30. janúar 1992 á bæjarþingi Reykjavíkur í staðfestingarmáli vegna löghaldsins lagði lögmaður varnaraðila fram staðfest endurrit af hinum kærða úrskurði. Sóknaraðili var viðstaddur þinghaldið og fékk þá vitneskju um úrskurðinn. Sóknaraðili kærði hann þó ekki fyrr en 4. mars. Kærufrestur var þá liðinn, sbr. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 75/1973.

Af þeirri ástæðu verður ekki hjá því komist að vísa málinu frá Hæstarétti.

Rétt þykir, að sóknaraðili greiði varnaraðilum 20.000 krónur í kærumálskostnað.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Sveinn Skúlason, greiði varnaraðilum, Sigurði Pétri Haukssyni og Tækniveröld hf., 20.000 krónur í kærumálskostnað fyrir Hæstarétti.

Úrskurður fógætaréttar Akraness 20. janúar 1992.

Ár 1992, mánudaginn 20. janúar, var fógætaréttur Akraness settur í skrifstofu embættisins að Suðurgötu 57, og hélt hann Sigurður Gizurarson bæjarfógeti með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Beiðni Sigurðar Péturs Haukssonar, kt. 290755-5229, um, að aflétt verði löghaldi, sem Sveinn Skúlason hdl. hefur fengið úrskurðað í eignum hans.

Skjöl málsins liggja frammi, nr. 1 - 5.

Í réttinn er mættur Sigurður Pétur Hauksson, og leggur hann fram:

Nr. 6: Beiðni um afléttingu kyrrsetningar, dags. 6. janúar 1992.

Nr. 7: Endurrit úr fógætabók Akraness, dags. 27. janúar 1991.

Nr. 8: Beiðni um, að aflétt verði kyrrsetningu, dags. 13. janúar 1992.

Nr. 9: Bankatryggingu, dags. (sic).

Af hálfu kyrrsetningarhafa er mættur Tryggvi Björnsson. Hann leggur fram:

Nr. 10: Mótmæli gegn beiðninni, dags. 17. janúar 1992.

Gerðarbeiðandi vísar til skriflegrar beiðni sinnar, jafnframt því sem hann kveðst að gefnu tilefni ekki aðeins krefjast endurupptöku á kyrrsetningu þeirri, sem var úrskurðuð á nokkrum eignum hans 27. nóvember 1991 í fógætaréttarmáli nr. 158/1991: Sveinn Skúlason hdl. gegn Sigurði Pétri Haukssyni og Tækniveröld.

Gerðarbeiðandi mótmælir þeim rökum, sem koma fram í bréfi kyrrsetningarhafa, dags. 17. janúar 992, sbr. diskj. nr. 10, að einungis sé krafist endurupptöku á kyrrsetningargerð á hendur Sigurði Pétri Haukssyni, en kyrrsetningargerðin hafi farið áfram á hendur Tækniveröld hf. og kyrrsettir munir án mótmæla og athugasemda til efnda á kröfum á hendur Tækniveröld.

Gerðarbeiðandi kveður hina kyrrsettu muni vera eign PC-tölvunnar, sem sé einkafyrirtæki sitt og einkaeign sín. Hann leggur fram nr. 11: Reikning til sönnunar því, að hinar kyrrsettu tölvur séu eign PC-tölvunnar, og nr. 12: Endurrit úr bifreiðaskrá. Krafa gerðarbeiðanda er, að kyrrsetning á bifreiðinni ÍS-417, M.-Benz, árg. 1984, teg. 8120, og átta tölvum af Tatunggerð m/skjám og lyklaborðum verði felld niður og að gerðarþola verði fengnar vörslur munanna. Jafnframt er óskað, að löghaldinu verði aflýst af bifreiðinni ÍS-417. Þess er beiðst, að gerðin fari fram á ábyrgð Sigurðar Péturs Haukssonar.

Var nú kveðinn upp svofelldur úrskurður í málinu:

Rétt þykir að taka til greina þá staðhæfingu gerðarbeiðanda, að nefndar tölvur séu eign PC-tölvunnar, en ekki Tækniveraldar hf., og sama máli gegni um bifreiðina ÍS-417, sbr. dskj. nr. 11-12.

Kýrrsetningarmálið höfðaði Sveinn Skúlason hdl. gegn Sigurði P. Hauksyni og Tækniveröld hf., og var krafa hans tekin til greina sem slík í fógeta-dóminum 27. nóvember 1991 gegn setningu tryggingar, 612.000 kr.

Nú krefst gerðarbeiðandi, Sigurður P. Hauksson, þess, að kýrrsetningin verði felld niður gegn setningu bankatryggingar, að fjárhæð 2.000.000 kr., en krafa kýrrsetningarhafa hljóðaði upp á 506.111 kr. ásamt dráttar-vöxtum, kostnaði, 29.325,50 kr., og vöxtum af kostnaði, 63,60 kr.

Að öllu þessu athuguðu telur fógetaðómurinn, að taka beri kröfur gerðarbeiðanda um niðurfellingu kýrrsetningar í lausafé og að ekki séu rök til, að eigur þessar séu kýrrsettar áfram vegna kröfu á hendur Tækniveröld hf., sem er ekki eigandi munanna, enda um sömu kröfu að ræða bæði á hendur Sigurði Pétri og Tækniveröld.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Tekin er til greina beiðni Sigurðar Péturs Haukssonar, kt. 290755-5229, í máli nr. 158/1991: Sveinn Skúlason hdl. gegn Sigurði Pétri Hauksyni og Tækniveröld hf. um, að aflétt skuli kýrrsetningu á bifreiðinni ÍS-417, M.-Benz, árg. 1984, teg. 8120, og átta tölvum af Tatung-gerð m/skjám og lyklaborðum gegn bankatryggingu, að fjárhæð 2.000.000 kr.